

Annar fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á Teams 5. febrúar kl: 10:00

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ásta Hermansdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar
- ✓ Lovísa Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands

Dagskrá:

1. *Kynning á nýjum meðlimum í samstarfshóp*
2. *Farið yfir hvar í ferlinu við erum komin*
3. *Fara yfir athugasemdir við 1. og 2 kafla áætlunarinnar*
4. *Fara yfir hagsmunaaðilagreiningu og hvernig við munum haga sérstökum fundum – afurð funda og annars samráðs: drög að 3. Kafla*
5. *Ný verk- og tímaáætlun samþykkt.*
6. *Fara yfir næstu skref.*

Fundarefni:

1. Þórdís Björt og Lovísa nýir meðlimir í samstarfshópi.
2. Erum núna stödd í ferlinu skv. [Handbók um stjórnun friðlýstar svæða](#) „vinna við gerð áætlunar“ á bls. 24-25.
3. Samstarfshópur renndi saman yfir 1. og 2. kafla áætlunar. Á ennþá eftir að fínþússa nokkra hluti sem fulltrúar samstarfshóp munu klára fyrir næsta fund. Rætt var námur á svæðinu, uppgræðsla. Hákon setur inn upplýsingar um gamlar námur. Lovísa ætlar að kanna með efni um dýralíf á svæðinu. Þórdís kannar að gera texta skýrari um vatnshlot.
4. Hagsmunaaðilagreining verður fínþússuð með aðstoð samstarfshóps.
5. Uppfærð verk- og tímaáætlun samþykkt.
6. Næstu skref eru að setja niður fundi fyrir þá hagsmunaaðila sem fengu hæstu stig í hagsmunaaðilagreiningu eftir að hún er fullkláruð. Samstarfshópur verður upplýstur um tillögur að fundartímum og boðið að sitja þá ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar.

Annað: Ákveðið að tala um friðlýsta svæðið sem landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal í stað svæði í Þjórsárdal til að auðvelt sé að greina á milli friðlýsts menningarlandslags (sbr. lög um menningarminjar) og friðlýsts landslagsverndarsvæðis (sbr. náttúruverndarlög). Rætt var um gervígigana og hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra með tilliti til lúpínu. Einnig rætt um hvernig og hvar skuli halda lúpínu í skefjum sem verður sett fram í 3 kafla. Skoða að setja fram kort með báðum friðlýsingarmörkum náttúruverndarsvæðis og menningarlandslags.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 11:00